

## 795. fundur

Árið 2023, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 8. nóvember, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Friðjón Einarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

### Dagskrá:

1. *Stjórnin skiptir með sér verkum.*

Formaður: Sverrir Auðunsson, Grindavík  
Varaform: Friðjón Einarsson, Reykjanesbær  
Ritari: Anton Kristinn Guðmundsson, Suðurnesjabær  
Meðstj.: Björn G. Sæbjörnsson, Sveitarfélagið Vogar

Nýr formaður tekur við stjórn fundarins.

2. *Ályktanir aðalfundar 2023.*

Framkvæmdastjóra falið að senda ályktanirnar til viðeigandi ráðuneyta og óska eftir fundum með ráðherrum til þess að fylgja málinu eftir. Ályktanirnar hafa verið sendar til þingmanna kjördæmisins sem og birtar á heimasíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

3. *Tölvupóstur dags. 26.10.2023 frá Forsætisráðuneytinu, tilnefning í samráðsteymi um afhendingaröryggi orku og vatns á Reykjanesi.*

Stjórn S.S.S. tilnefnir framkvæmdastjóra S.S.S., Berglindi Kristinsdóttur í samráðsteymið og Sverri Auðunsson formann S.S.S. til vara.

4. *Svæðisbundið samráð um varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Suðurnesjum - drög.*

Stjórn S.S.S. fagnar auknu samráði í þessum málaflokki og samþykkir drögin fyrir sitt leyti.

5. *Tölvupóstur dagsettur 12.10.2023 frá nefndarsviði alþingis, beiðni um umsögn til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-20238.*

a) Framkvæmdastjóra falið að senda umsögn S.S.S. til nefndarsviðs Alþingis.

6. *Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um fjárlög 2024.*  
Framkvæmdastjóra var falið að senda umsögn S.S.S. um fjárlög 2024 til fjárlaganefndar. Framkvæmastjóri og formaður hafa nú þegar fylgt eftir umsögninni á fundi með fjárlaganefnd.
7. *Sameiginleg umsögn landshlutasamtakanna fjárlög 2024.*  
Lagt fram og samþykkt.
8. *Afrit af bréfi til Menningar- og viðskiptaráðuneytisins dags. 11.08.2023.*  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið tilnefnir fyrir sína hönd í Kvískerasjóð, Þuríði Halldóru Aradóttur Braun. Skipað er til fjögurra ára.
9. *Erindi til Menningar- og viðskiptaráðuneytis dags. 26.10.2023, beiðni um aukið fjármagn til Áfangastaðastofu Reykjaness vegna eldgosa á Reykjanesskaga.*  
Erindi sent á ráðherra, þar sem óskað er eftir frekari framlögum til Áfangastaðastofu Reykjaness í ljósi aðstæðna vegna eldsumbrota á Reykjanesskaganum. Áfangastaðstofan hefur ekki fengið neinn stuðning frá ríkisvaldinu frá því að jarðhræringar hófust á Reykjanesskaganum.

Áfangastaðstofan er eini miðlægi og opinberi aðilinn sem sinnir almennri upplýsingaskyldu af svæðinu með eða án eldgoss. Stofan er hins vegar ekki hluti af opinberum ferlum um almannavarnir og því ekki hluti af því netverki sem fer af stað við viðburð sem þennan. Samkvæmt nýjustu greiningum er ljóst að 90% þeirra sem leita af upplýsingum jarðhræringar fara inn á heimasíðu [visitreykjaes.is](http://visitreykjaes.is). Í gosinu sem stóð yfir í júlí -ágúst 2023 fóru daglegar heimsóknir í allt að 20.000, sem sýnir að vefurinn og verkefni áfangastaðastofunnar eru að virka á jákvæðan hátt og mikilvægur hlekkur í upplýsingmiðlun til ferðamanna við náttúruhamfarir.

10. *Önnur mál.*  
Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að óska eftir reglubundnum fundum með þingmönnum kjördæmisins með það fyrir augum að þetta samstarfið á milli aðila.

Ekkert fleira fært til bókar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00.

*Sverrir Auðunsson*

*Björn G. Sæbjörnsson*

*Anton K. Guðmundsson*

*Friðjón Einarsson*

*Berglind Kristinsdóttir*